



Borgarstjórnin í Reykjavík

SKJALAVER
HÖFÐATORGI

11. MAR. 2019

Málsnr.: USK 2018-07-0002

Bréfalykill: 6-18

Reykjavík, 7. mars 2019
R19030017
6206

Skipulags- og samgönguráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Úlfarsárdalur - endurheimt votlendis - líffræðilegur fjölbreytileiki

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal, ásamt fylgiskjöllum. Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 m.kr.

Borgarráð samþykkti erindið.

Jafnframt samþykkti borgarráð að vísa erindinu til kynningar hjá umhverfis- og heilbrigðisráði og skipulags- og samgönguráði.


Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stefna meirihlutans í Reykjavík er að viðhalda og hreyfa ekki við mýrum og öðru votlendi. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að endurheimt votlendis auki kolefnisbindingu. Hér er lagt til að leggja fram 150 milljónir í endurheimt votlendis á þessu svæði. Borgarfulltrúi Miðflokksins fagnar því að hreinsa eigi svæðið af rusli og að girðingar verði fjarlægðar. Það eru sannarlega góð umhverfismál. Talið er að einhver losun hljótist af uppmokstri á mýrarsvæðum og bent er á að Reykjavíkurborg stendur fyrir mikilli röskun í Vatnsmýrinni með ómældum áfrifum á lífríki og verndun votlendissvæða. Nú þegar eru komin fram staðbundin áhrif á Hlíðarendarsvæðinu. Reykjavíkurborg ætti að líta sér nær þegar kemur að þessum málum og stöðva nú þegar röskun Vatnsmýrarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Endurheimt votlendis er umhverfislega mikilvægt verkefni. Fjöldi rannsókna sýnir einmitt að endurheimt votlendis auki bindingu kolefnis þótt endurheimt þess færast eingöngu að takmörkuðu leyti inn í loftslagsbókhald. Varðandi Vatnsmýrina er þegar

búið að skilgreina friðland í hluta hennar þótt vissulega sé verið að byggja fjölda íbúða í nágrenninu. Það er gert til þess að minnka vegalengdir milli heimilis og vinnu og minnka þannig kolefnisspor samgangna.



Helga Björk Laxdal
e.u.

Hjálagt:
bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2019
Samrit:
umhverfis- og heilbrigðisráð



Borgarráð

Úlfarsárdalur - Líffræðileg fjölbreytni. Endurheimt votlendis.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal.

Verkefnið er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal auk stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika.

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er mars-maí 2019.

Undirbúningur að verkefninu hefur verið unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins sem leggur mat á áhrif framkvæmda m.t.t. bindingar kolefnis.

Greinargerð:

Afmarkað hefur verið um 87 ha svæði í Úlfarsárdal sem verkefnið nær yfir. Svæðið er á norðurbakka Úlfarsár frá sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ í austri, að vegi niður að Víðimýri í vestri.

Miðað við gefnar forsendur er áætlað að endurheimt votlendis á um 3/4 hlutum svæðisins eða um 65 ha gæti gefið um 400 tonn af kolefni á ári í bindingu.

1. áfangi verkefnisins er um 12 ha svæði næst sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ. Aðgerðir þar felast í því að fjarlægja af svæðinu rusl og girðingar, lokun á þverskurðum og önnur landmótun s.s. tjarnargerð o.fl.

Þess er vænst að með aðgerðunum aukist líffræðilegur fjölbreytileiki svæðisins bæði hvað varðar gróður og dýralíf. Þá er vöktun mikilvægur hluti af endurheimt og viðhaldi votlendissvæða.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga: 20 mkr.

Skv. fjárhagsáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir 30 mkr. á ári vegna verkefnisins Líffræðileg fjölbreytni og endurheimt votlendis; samtals 150 mkr.

Ámundi Brynjólfsson
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds



Reykjavík, 7. mars 2019
R19030017
6206
bp

Umhverfis- og heilbrigðisráð

Borgartúni 12 - 14
105 REYKJAVÍK

Úlfarsárdalur - endurheimt votlendis - líffræðilegur fjölbreytileiki

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 m.kr.

Borgarráð samþykkti erindið.

Jafnframt samþykkti borgarráð að vísa erindinu til kynningar hjá umhverfis- og heilbrigðisráði og skipulags- og samgönguráði.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stefna meirihlutans í Reykjavík er að viðhalda og hreyfa ekki við mýrum og öðru votlendi. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að endurheimt votlendis auki kolefnisbindingu. Hér er lagt til að leggja fram 150 milljónir í endurheimt votlendis á þessu svæði. Borgarfulltrúi Miðflokksins fagnar því að hreinsa eigi svæðið af rusli og að girðingar verði fjarlægðar. Það eru sannarlega góð umhverfismál. Talið er að einhver losun hljótist af uppmokstri á mýrarsvæðum og bent er á að Reykjavíkurborg stendur fyrir mikilli röskun í Vatnsmýrinni með ómældum áfrifum á lífríki og verndun votlendissvæða. Nú þegar eru komin fram staðbundin áhrif á Hlíðarendarsvæðinu. Reykjavíkurborg ætti að líta sér nær þegar kemur að þessum málum og stöðva nú þegar röskun Vatnsmýrarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Endurheimt votlendis er umhverfislega mikilvægt verkefni. Fjöldi rannsókna sýnir einmitt að endurheimt votlendis auki bindingu kolefnis þótt endurheimt þess færast eingöngu að takmörkuðu leyti inn í loftslagsbókhald. Varðandi Vatnsmýrina er þegar

búið að skilgreina friðland í hluta hennar þótt vissulega sé verið að byggja fjölda íbúða í nágrenninu. Það er gert til þess að minnka vegalengdir milli heimilis og vinnu og minnka þannig kolefnisspor samgangna.



Helga Björk Laxdal

e.u.

Hjálagt:
bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2019
Samrit:
Skipulags- og samgönguráð



Umhverfis- og skipulagssvið

Borgartúni 12-14
105 REYKJAVÍK

Úlfarsárdalur - endurheimt votlendis - líffræðilegur fjölbreytileiki

Á fundi borgarráðs þann 7. mars 2019 var lagt fram bréf umhverfis- og skipulagssviðs, dags. 25. febrúar 2019, þar sem óskað er eftir að borgarráð heimili sviðinu að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal, ásamt fylgiskjölum. Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 m.kr.

Borgarráð samþykkti erindið.

Jafnframt samþykkti borgarráð að vísa erindinu til kynningar hjá umhverfis- og heilbrigðisráði og skipulags- og samgönguráði.

Áheyrnarfulltrúi Miðflokksins lögðu fram svohljóðandi bókun:

Stefna meirihlutans í Reykjavík er að viðhalda og hreyfa ekki við mýrum og öðru votlendi. Engar rannsóknir hafa sýnt fram á að endurheimt votlendis auki kolefnisbindingu. Hér er lagt til að leggja fram 150 milljónir í endurheimt votlendis á þessu svæði. Borgarfulltrúi Miðflokksins fagnar því að hreinsa eigi svæðið af rusli og að girðingar verði fjarlægðar. Það eru sannarlega góð umhverfismál. Talið er að einhver losun hljótist af uppmokstri á mýrarsvæðum og bent er á að Reykjavíkurborg stendur fyrir mikilli röskun í Vatnsmýrinni með ómældum áfrifum á lífríki og verndun votlendissvæða. Nú þegar eru komin fram staðbundin áhrif á Hlíðarendarsvæðinu. Reykjavíkurborg ætti að líta sér nær þegar kemur að þessum málum og stöðva nú þegar röskun Vatnsmýrarinnar.

Borgarráðsfulltrúar Samfylkingar, Viðreisnar, Pírata og Vinstri grænna lögðu fram svohljóðandi bókun:

Endurheimt votlendis er umhverfislega mikilvægt verkefni. Fjöldi rannsókna sýnir einmitt að endurheimt votlendis auki bindingu kolefnis þótt endurheimt þess færist eingöngu að takmörkuðu leyti inn í loftslagsbókhald. Varðandi Vatnsmýrina er þegar

búið að skilgreina friðland í hluta hennar þótt vissulega sé verið að byggja fjölda íbúða í nágrenninu. Það er gert til þess að minnka vegalengdir milli heimilis og vinnu og minnka þannig kolefnisspor samgangna.



Helga Björk Laxdal
e.u.



Borgarráð

Úlfarsárdalur - Líffræðileg fjölbreytni. Endurheimt votlendis.

Óskað er eftir að borgarráð heimili umhverfis- og skipulagssviði að bjóða út framkvæmdir við endurheimt votlendis og mótun lands í Úlfarsárdal.

Verkefnið er í samræmi við stefnu aðalskipulags Reykjavíkur um endurheimt votlendis í Úlfarsárdal auk stefnu um líffræðilegan fjölbreytileika.

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga verkefnisins er 20 mkr. Áætlaður framkvæmdatími er mars-maí 2019.

Undirbúningur að verkefninu hefur verið unnið í samstarfi við Landgræðslu ríkisins sem leggur mat á áhrif framkvæmda m.t.t. bindingar kolefnis.

Greinargerð:

Afmarkað hefur verið um 87 ha svæði í Úlfarsárdal sem verkefnið nær yfir. Svæðið er á norðurbakka Úlfarsár frá sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ í austri, að vegi niður að Víðimýri í vestri.

Miðað við gefnar forsendur er áætlað að endurheimt votlendis á um 3/4 hlutum svæðisins eða um 65 ha gæti gefið um 400 tonn af kolefni á ári í bindingu.

1. áfangi verkefnisins er um 12 ha svæði næst sveitafélagamörkum við Mosfellsbæ. Aðgerðir þar felast í því að fjarlægja af svæðinu rusl og girðingar, lokun á þverskurðum og önnur landmótun s.s. tjarnargerð o.fl.

Þess er vænst að með aðgerðunum aukist líffræðilegur fjölbreytileiki svæðisins bæði hvað varðar gróður og dýralíf. Þá er vöktun mikilvægur hluti af endurheimt og viðhaldi votlendissvæða.

Kostnaðarstaður: 3106

Kostnaðaráætlun 2 vegna 1. áfanga: 20 mkr.

Skv. fjárhagsáætlun 2019-2023 er gert ráð fyrir 30 mkr. á ári vegna verkefnisins Líffræðileg fjölbreytni og endurheimt votlendis; samtals 150 mkr.

Ámundi Brynjólfsson
skrifstofustjóri framkvæmda og viðhalds